

# Hamrammur snillingur

Það fer ekki á milli mála að sýningin Picasso - Exposition Inattendue (Óvænta listsýningin) að Kjarvalsstöðum er mesti myndlistarviðburður sem Listahátíð í Reykjavík hefur staðið fyrir frá upphafi.

Nokkrar myndir eftir Picasso, þennan jötun í nútímamyndlist, hafa áður sést á sýningum hér, örfáar grafíkmyndir, kannski tvö málverk. En 55 verk á einu bretti er stærri skammtur en við gátum nokkurn tímann átt von á að sjá hér á landi. Aðeins Louisiana-safnið í Danmörku hefur fengið fleiri Picassoverk til sýningar.

Látum vera þótt einungis fá þessara verka séu í hæsta gæðaflokki, enda tæplega við öðru að búast þar sem franska ríkið er búð að fá blómanna af því sem Picasso lét eftir sig og ættingjar hans fengu síðan að móða úr afganginum.

Návist þessara verka skiptir öllu máli og er til marks um menningarlega reynslu okkar og stöðug tengsl okkar við heimsmenninguna.

Þökk sé þeim sem komu á þessari veislu.

## Úr einu í annað

Verkin á sýningunni eru of fá og sundurleit til að gefa okkur heillega mynd af ferli Picassos. Elsta myndin er frá 1917 (*Le Musicien*), þegar kúbíska byltingin er um garð gengin og

stórkaralegu andlita í síðustu myndunum eru vísast ættuð úr verkum gamalla spænskra meistara, Rubens o.fl.

Picasso hikaði heldur ekki við að stökkva á milli stílbrigða er þörf krafði.

Teikningin af hefðarfrúnni de Noailles (nr.3) er frá þeim tíma þegar Picasso var samlega sáttur við lífið og tilveruna í „betri“ kreðsum Parísarbúa og hamingjusamlega kvæntur ballerínunni Olgu. Enda er myndin hrein, klár í formi og settleg.

Fjórum árum síðar er þessi tilvera að drepa listamanninn á sálinni og gripur hann þá til frumstæðrar formgerðar til að láta í ljós innibyrðga angst og óþol.

Þá verða til nokkrar myndir í sama dúr og *Figure* (nr. 4), sem sýna eins konar skrímsli af kvenkyni, venjulega með tennt sköp.

Í þessari tvíhyggju sinni, hæfileika til að fara úr einu í annað án þess að tapa niður sannfæringarkrafti, er Picasso einstakur.

## Spörgöngumenn

Í leiðinni stráði hann um sig með hugmyndum sem síðari tíma listamenn hafa tekið upp og unnið úr. Stórir, órofnir fletirnir í verki eins og *Figure* (nr.5), birtast í myndum margra seinni tíma afstraktmálara, existensialistar í myndlistinni (*Buffet* o.fl.) skoðuðu myndir eins og „*Madame Z*“ (nr. 16), og breyttu eins, og nokkrir ungrir málara kynntu sér án efa síðustu „barokk“ myndir Picassos, þar sem hann malar upp á líf og dauða.

Hvert sem lítið er í nútíma málara-list og skúlptúr djarfar fyrir fótsporun Picassos.

Drátt fyrir gífurleg afköst Picassos (ca 15.000 málverk, auk teikninga, grafíkur, skúlptúra, keramikur, leiktjaldra, bókalýsinga, o.fl.), hélt hann sig við tiltölulega fá mótíf sem hann skoðaði út frá öllum mögulegum og ómögulegum sjónhornum.

Umfram allt málaði Picasso konur og túlkun hans breyttist með hverju nýju ástarsambandi.

## Lífið sem nautaat

Hann málaði þær sem gyðjur (*Les Trois Graces*, nr. 2), ófreskjur (*Figure*, nr. 4), sem náttúruöfl (*Figure*, nr. 5) en oftast nær sem kyntákn (*Fantasma*, nr. 24, *Couple Espagnol*, nr. 30, *Couple*, nr.31).

Alla ævi var Picasso einnig hlýtt til hjóðfæraleikara og dansara og málaði fjöldann allan af myndum af slíku fólki. Meðal þeirra eru *Le Musicien*, *Couple* (nr.31) og *Musiciens* (nr.52).

Lífi og starfi Picassos hefur oftast einu sinni verið líkt við þjóðarþrótt Spánverja, nautaat (nú síðast í nýrri sjónvarpsmynd). Nautaatíð var honum sjálfum tákn fyrir lífshákann,



Picasso - Frú Z, 1954, oila á striga.

dauðann, en jafnframt fyrir sigur lífsins yfir myrkrinu.

Því miður eru allt of fáar þessara nautaatmynda á sýningunni að Kjarvalsstöðum. Þó er þar ein afbragðs mynd af þeirri gerð, *Tauromachie* (nr. 6), sem sýnir naut ganga í skrokk á varnarlausum hesti lensuberans, píkadorsins, í drungalegu kvöldhúminu. Samt er eins og þessi tvö dýr séu samvaxin og heyi sitt dauðastríð í sameiningu.

Síðan kemur nautaat óbeint við sögu í myndröð Picassos af nokkrum kostu-

legum nautabönum og lensuberum (*Torero*, nr. 28, *Torero*, nr. 29, og *Picador*, nr.34) en þar er listamaðurinn að skopast góðlátlega að múnderingunni á þeim.

Við skulum alls ekki gleyma því, hvað karikatúrinn, skrumskælingin, á sterk ítök í Picasso. Fyrstu teikningar hans voru skopmyndir og sans hans fyrir hinu fáránlega í fari fólks var alla tíð háþróaður. Í því ljósi má hæglega skoða „hausana hans Picassos“ í restina.

## Hausarnir hans Pablo

Þetta hausamótíf er raunar mjög mikilvægt á ferli listamannsins en engan veginn eins afmarkað og mörg önnur mótíf hans. Hausarnir eru „týpur“, til dæmis spjátrungar og rustar, en þeir eru líka af gamalmennum, og getur sundurgerð þeirra þá verið tákn um lífsorku þeirra og sköpunargleði.

Þeir geta líka verið staðgenglar fyrir listamanninn sjálfan í ellinni þar sem hann hefur ofan af fyrir ungu barni með pentskúfum sínum og litspeldi (*Peintre a l'enfant*, nr. 26) eða þar sem hann hlustar á fuglasöng, (*Homme a l'oiseau*, nr. 33), en Picasso hafði ávallt mikla ánægju af dýrum (sjá hundinn í *Buffet de Vauvenargues*, nr. 19, og fuglana í *Oiseaux a La Californie*, nr. 20).

En þessi upptalning á mótífum gefur



Picasso - Spænsk par, 1970, oila á striga.

einungis takmarkaða hugmynd um andrúki Picassos og lífsgleði. Við njótum kannski sýningarinnar best með því að fara eins nálægt síðustu myndum hans og lögreglan leyfir, og lofa augunum að reika eftir litflekjunum, rákunum og strokunum, sem ganga fram og aftur eftir striganum í ofsa-fengnum dansi.

Um leið skulum við hafa það hugfast að það er níræður maður sem um pentskúfinn heldur. Sú staðreynd ætti að vera okkur öllum hughreysting.

-ai

## Myndlist

### Aðalsteinn Ingólfsson

listamaðurinn er aftur farinn að fíkra sig í átt til einfaldaðs raunseis (*Les Trois Graces & Marie Laure de Noailles*), og síðan er stíklað á stóru, (1927, 1932, 1934, 1937, 1938, 1939, 1942, 1945, 1946, 1947, 1951, 1954 o.s.frv.) allt til apríl 1972, ári fyrir dauða meistarans.

En jafnvel smæstu og lítilvægustu verk mikils myndlistarmanns veita okkur innýsín í hugarheim hans.


Hér má sjá hvernig Picasso veltir í sífellu upp nýjum hugmyndum, teflir saman viðteknunum sjónarmiðum og nýbreytni, til að finna sér fótfestu í samtímanum. *Le Musicien* er vissulega síð-kúbískt púsluspil, samansafn óhlutbundinna litafata, en ef grannt er skoðað hrannast þessir fletir saman og mynda trúð sem situr á stól og leikur á lútu, en það mótíf má rekja allt aftur til 18. aldar í franskrí sjónlist.

## Viðræður við forverana

Sitjandi kona (nr. 11) er konuímynd sem skipt hefur verið niður í reiti og krýnd með kringilegum hatt. En það þarf ekki ýkja mikla skarpskyggni til að sjá að þessi sundurlímaða kona sver sig einnig í ætt við þær spænsku hefðarkonur sem *El Greco*, *Zúrbarán* og *Goya* máluðu forðum daga.

Hér var aldrei um „lán“ eða beinar tilvitnanir að ræða heldur hélt Picasso alla ævi uppi stöðugum viðræðum við forvera sína í listinni.

Seinna tók hann til við að rannsaka einstök verk þeirra til hlítar. (*Delacroix*, *Poussin*, *Velazquez*). Mörg hinna



Picasso - Figure, 1927, oila á striga.

## BÍLAR SEM TEKID ER EFTIR



MMC Pajero, styttri gerð, bensin, árg. 1986, ekinn 6 þús. km, sem nýr bíll - litur silfur, 5 gíra - vökvastýri - útvarp/segulband. Ath. skipti á ódýrari bifreið. Verð 800 þús.



Mazda 626 GLX 2000 árg. 1984, ekinn 37 þús. km, 5 gíra - vökvastýri - framdrifin - litur hvítur. Ath. skipti á ódýrari. Verð 420 þús.



Nissan Sunny coupé árg. 1985, ekinn aðeins 6 þús. km, útvarp - litur rauður. Ath. skipti á ódýrari. Verð 400 þús.



Daihatsu Delta dísil 4X4 árg. 1982, ekinn 8 þús. km á vél - 5 gíra - vökvastýri - breið dekk/White Spoke - dríflokur - 9 manna - útvarp/segulband - ýmist hægt að nota sem sendibíl eða til farþegaflutninga, t.d. sem skólabil - ýmis skipti koma til greina á ódýrari bifreið eða stærri sendibíl. Verð 700 þús.



Subaru station 4X4 árg. 1986, ekinn aðeins 4 þús. km - 5 gíra - vökvastýri - centrallæsingar - útvarp. Bein sala. Verð 575 þús.




Subaru station 4X4 turbo árg. 1985, ekinn 13 þús. km - 5 gíra - vökvastýri - centrallæsingar - útvarp/segulband. Bein sala. Verð 670 þús.



SUBARU JUSTY 4x4, árg. '85.  
CITROEN BX, árg. '83-'84.  
COROLLA árg. '84-'85.  
FIAT UNO árg. '85.

VANTAR ÝMSAR GERÐIR BIFREIÐA Á STAÐINN. GÓÐ SALA Í ÖLLUM VERÐ-FLOKKUM BIFREIÐA.

BMW 318 I eða 323 I, árg. '85-'86.  
Range Rover, 4ra dyra, árg. '82-'83, í skiptum fyrir Range Rover '81.



Tískuúrin komin aftur.

Allir litir.

Sendum í póströfu.



Laugavegi 39, sími 12211.